

Nd.

96. Frumvarn til laga

[88. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tollaftirlit.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Upphaf 4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kaupsýnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes. 2. Ólafsvík. 3. Grundarfjörður. 4. Stykkishólmur. 5. Patreksfjörður o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1969 voru sett ný lög um tollheimtu og tollaftirlit. Leystu þau af hólmi lög nr. 68 frá 1956 um sama efni. Í 7. gr. laganna eru taldar upp 13 aðaltollhafnir og 20 tollhafnir á landinu öllu. Áður voru aðaltollhafnir ekki taldar upp í lögum. Þær voru ákveðnar og taldar upp í reglugerð, sjá 26. gr. reglugerðar um tollheimtu og tollaftirlit, nr. 41 frá 13. mars 1957, og hétu þá tollafgreiðsluhafnir. Tollhafnir, aðrar en aðaltollhafnir, höfðu hvorki verið taldar upp í lögum né reglugerð áður.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Þéttbýli það, sem nú nefnist Grundarfjörður, hefur ekki enn náð fertugsaldri. Uppbygging kaupsýnsins hófst þegar Hraðfrystihús Grundarfjarðar var byggt árið 1941. Síðan hefur byggðin vaxið jafnt og þétt. Nú eru um 700 manns búsettir í kaupsýninu. Höfuðatvinnugreinar eru útgerð og fiskvinnsla. Hinn 22. janúar 1977 var ný og glæsileg höfn tekin í notkun í Grundarfirði.

Frumvarp það, sem hér er á ferðinni, breytir gildandi lögum einungis að því leyti, að Grundarfjörður verður tekinn í tölu tollhafna. Verða þær þá alls 21 á öllu landinu. Frumvarpið er flutt að ósk heimamanna.